
Náms- og starfsráðgjöf FSu



Ársskýrsla
Skólaárið 2012-2013

Agnes Ósk Snorradóttir
Álfhildur Eiríksdóttir
Guðrún Birna Kjartansdóttir
Jóhanna Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Starfslið.....	4
Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa	4
Nýnemadagur og nýnemaviðtöl	4
Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál	4
Námskeið og áhugasviðskannanir	5
Kynningarstarf og heimsóknir	5
Foreldrafundur	5
Iðn- og starfsnámsdagur.....	5
Erlendir háskólar.....	5
Íslenskir háskólar	6
Kynningar í grunnskólum.....	6
Heimsóknir grunnskóla.....	6
Aðrar heimsóknir.....	6
Greiningalisti.....	7
Tilhlíðrun í prófum.....	8
Lestrarkönnun	8
Opin vottorð	9
Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu	9
Viðtöl	10
Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið.....	10
Umræður og lokaorð	11

Starfslið

Skólaárið 2012- 2013 störfuðu fjórir náms- og starfsráðgjafar við skólann. Agnes Ósk Snorradóttir var í 75% starfi og Álfhildur Eiríksdóttir í 100% starfi. Jóhanna Einarsdóttir var í 50% starfshlutfalli á haustönn og Guðrún Birna Kjartansdóttir var í 50% starfshlutfalli á vorönn.

Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa

Agnes sótti ráðstefnu um skóla margbreytileikans

Álfhildur sótti námskeið um rafræna ráðgjöf

Álfhildur sótti hringþing um nýbúa í framhaldsskólum.

Álfhildur sat fyrirlestur um rafræna ráðgjöf. Fyrirlesturinn var haldinn á vegum Sérfræðiseturs um ævilanga náms-og starfsráðgjöf

Álfhildur og Guðrún Birna sóttu fund hjá fagraði náms-og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Á fundinum var farið yfir Innu kerfið og möguleika þess.

Guðrún Birna sótti námskeið í Bendli áhugakönnun

Jóhanna sótti námskeið í jákvæðri sálfræði

Nýnemadagur og nýnemaviðtöl

Nýnemadagur fór fram 22. ágúst. Þar gafst náms- og starfsráðgjöfum kostur á því að kynna sig og sína þjónustu fyrir nýnemum.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Sviðsstjórar unnu móttökuáætlun fyrir þennan nemendahóp. Í framhaldi af því mótuðu náms-og starfsráðgjafar verklagsreglur þ.e um hvaða nemendur var að ræða í umsækjendahópi, gátlista fyrir viðtal og hlutverk túlks. Í júní 2012 voru fjögur túlkaviðtöl vegna nýnema.

Námskeið og áhugasviðskannanir

Markmið náms- og starfsráðgjafar FSu hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskannanir. Lagðar voru fyrir sextán Strong áhugasviðskannanir á skólaárinu í umsjón Álfhildar og Guðrúnar Birnu. Einnig lagði Álfhildur fyrir áhugasviðskönnunina Í leit að starfi fyrir einn nemanda og Guðrún Birna lagði áhugasviðskönnuna Bendil fyrir einn nemanda.

Í byrjun haust- og vorannar voru námskeið skipulögð. Þá voru kynnt 4 námskeið Markmiðssetning og ólíkir námsstílar, Skipulag og tímastjórnun, Glósuaðferðir og minnistækni, Próf og prófundirbúningur. Námskeiðin voru í umsjón Agnesar og voru haldin í Fundir/Félagslífsgatinu.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Síðan eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur fór fram í september. Á fundinum kynntu m.a náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og fóru yfir ýmsa þætti tengda skólanum.

Iðn- og starfsnámsdagur

Undanfarin tvö haustmisseri, hefur náms- og starfsráðgjöfin staðið fyrir Iðnnámsdegi. Haustið 2012 urðu áherslubreytingar þar sem lögð var áhersla á iðn- og starfsnám á Íslandi með sér áherslu á iðn- og starfsnám í FSu. Þá komu fulltrúar Iðunnar, Rafiðnarsambands Íslands og kynnt var starfsnám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Auk utanaðkomandi kynningaraðila tóku kennarar á iðn- og starfsnámsbrautum virkan þátt í deginum og kynntu námsframboð FSu á þessu sviði. Kynningin tókst vel og má þess geta að FSu er eini framhaldsskólinn sem býður uppá Iðnnámsdag af þessu tagi.

Erlendir háskólar

Danskur háskóli kynnti námsframboð sitt í október.

Íslenskir háskólar

Þann 12. mars var haldið Háskólatorg í samvinnu við Háskóladag sem haldið er á hverju ári í Reykjavík. Einnig fékk 4. bekkur ML heimboð á Háskólatorg í FSu og mætti frá þeim föngulegur hópur ásamt Grímu, náms-og starfsráðgjafa ML.

Kynningar í grunnskólum

Agnes og Álfhildur fóru með kynningar í grunnskólana ásamt Björgvini E. Björgvinssyni og Ægi Sigurðssyni sviðsstjórum. Farið var í eftirtalda skóla: Grunnskólana í Árborg (sem héldu sameiginlega kynningu þ.e. BES, Vallaskóli og Sunnulækjaskóli), Flúðaskóla, Grunnskólann á Hellu, Grunnskólann í Bláskógarbyggð, Grunnskólann í Hveragerði, Hvolkskóla og Laugarlandsskóla í Holtum. Oftast voru fulltrúar úr nemendaráði með í för.

Heimsóknir grunnskóla

Allir grunnskólar á Suðurlandi fengu heimboð í mars. Þessi leið er farin til þess að nemendur grunnskólana sjái hvernig skólinn lítur út á skólatíma. Flestir þáðu boðið þó ekki hafi allir komið í mars.

10. bekkir úr eftirfarandi grunnskólum komu í heimsókn:

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flóaskóla, Grunnskólanum á Hellu, Grunnskólanum í Bláskógarbyggð, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Vík, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Kirkjubæjarskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla,

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á mótí einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Aðrar heimsóknir

Í október var dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur með samráðsfundi í FSu. Á samráðsfundinn mættu 17 náms- og starfsráðgjafar á Suðurlandi. Fundurinn mæltist vel fyrir og var mál manna að það væri nauðsynlegt fyrir þessa fagstétt að ræða reglulega saman.

Í febrúar voru náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum á Suðurlandi boðaðir á kynningarfund vegna forinnritunar sem fór fram í mars og apríl.

Agnes fór með kynningu á iðnnáminu í FSu í Vallaskóla. Kynningin var fyrir iðnnámsval í 9. bekk.

Agnes tók á mótí nemendum úr Sunnulækjarskóla. Nemendahópurinn var í náms- og starfsfræðslu áfanga.

Agnes tók á móti aðilum frá Change makers- Breytendum sem kynntu starfssemi sína fyrir nemendum.

Álfhildur tók á móti hópi úr MK sem komu og kynntu sér skólann.

Álfhildur tók á móti hópi 8. bekkinga úr Sunnulækjarskóla sem voru að vinna verkefni tengt áhugasviði sínu.

Álfhildur tók á móti aðilum bæði frá Nínukoti og Seeds á Íslandi sem komu að kynna nám og störf erlendis fyrir nemendum á Kátum dögum.

Greiningalisti

Nemendur með greiningu voru 231 á haustönn en 215 á vorönn. Ekki er eingöngu um fólk með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira, en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér og sendir svo upplýsingar til kennara viðkomandi, síðan í upphafi hveðrar annar eftir það meðan nemandi er í skólanum. Sú breyting varð á í byrjun vorannar að allar þessar upplýsingar voru sendar dulritaðar til viðkomandi kennara. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn ef við á, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Nemendur með greiningu sem sækja um lengri próftíma fá allir skírteini þar um, sem þeir nota allan sinn námsferil í FSu. Því er erfiðara að hafa yfirsýn hverjir nýta sér lengri próftíma á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur, sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn, heldur bara í eitt skipti

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 130 prófum en á vorönn í 117 prófum

	Haust 2012	Vor 2013
Fámenni	74	71
Hljóðskrá	21	12
Með aðstoð og/eða tölvu	20	6
Stækkað letur	1	6
Litaður pappír	11	11
Annað	3	13
Samtals	130	119

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámenni og með stækkað letur og á hljóðskrá. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur með prófkvíða og nemendur í sérstökum aðstæðum geta einnig sótt um lengri prófatíma og aðrar tilhliðranir í prófum eins og þarf. Um er að ræða fáa nemendur á hverju skólaári.

Einnig senda náms- og starfsráðgjafar vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Lestrarkönnun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón með og vinnur úr lestrarkönnun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi haustannar í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar og fer ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl. Flestir þeirra fá greiningu um leshömlur af einhverju tagi. Á skólaárinu voru þetta 15 nemendur.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur skila inn opnu vottorði og hringja svo í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 38 nemendur með opið vottorð sem er svipað og síðustu annir. Byrjuðu í 655 einingum. Luku 483 (73,7%). Féllu í 149 (22,8%), og hættu í 23 (3,5%). Enginn nemenda með opið vottorð hætti á önninni og einn útskrifaðist. Tveir nemendur ljúka engu (í reynd hætt), níu luku öllu sínu og þrír í viðbót öllu nema því sem þeir hættu í. Þetta er hæsta hlutfall staðinna eininga að minnsta kosti síðan haust 2007 sem er jákvætt.

48 nemendur voru með opið vottorð á vorönn, þó nokkru fleiri en á haustönn. Þeir byrjuðu í 847 einingum, luku 515 (61%), féllu í 258 (30 %) og hættu í 75 (9 %). Tveir nemendur hættu í skólanum á önninni, einn í viðbót hætti en var áður búinn að ljúka helgarnámskeiði. Þessir nemendur eiga stóran hluta „hættur í áfanga eininga“. Tveir féllu í öllu sínu. Þrír nemendur útskrifast (tveir stúdentar og einn af styttri braut). Að auki klára níu nemendur allar sínar einingar og einn í viðbóta allt nema það sem hætt var í.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Í byrjun skólaárs ákváðu stjórnendur að hætta að borga sálfræðiviðtöl fyrir nemendur skólans.

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

ART á Suðurlandi

Barnahús

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Heilsugæslan/Unglingamóttakan á HSu

Lögreglan

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar

Vinnumálastofnun

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Fjöldatölur standa þó einungis fyrir fjöldanum, ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur.

Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið

Upplýsingahornið á þriðjuhæð og er staðsett á milli skrifstofa náms- og starfsráðgjafa. Þar eru upplýsingar um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi og að auki sýnishorn af erlendum skólum.

Náms- og starfsráðgjafar:

- héldu áfram að uppfæra heimasíðu deildarinnar.
- hringdu í alla nemendur sem féllu í þremur eða fleiri áföngum á haustönn en á vorönn þar svo við að vegna þess hvernig dagatalið stóð af sér að það vantaði tímatil þess að sinna úthringingum og var þar með þessi hefð rofin.
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist
- eru milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgervla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu
- unnu í þróunarvinnu vegna mögulegs samstarfs FSu og Skólaskrifstofu Suðurlands
- Agnes vann í þróunarvinnu vegna innleiðingar nýrrar námskrár ásamt stjórnendum og nokkrum kennurum.

- Álfhildur var í fagráði Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands
- Sú nýbreytni átti sér stað að í byrjun anna voru náms- og starfsráðgjafar heilan dag í stundatöflubreytingum og voru á haustönn einnig í breytingum á vali nemenda vegna niðurstöðu prófa

Umræður og lokaorð

Í ársskýrslum er við hæfi að líta yfir farinn veg. Hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel?

Við erum stolt af nýnemadeginum okkar og því hvað Háskóladagurinn er að eflast ár frá ári. Einnig erum við ánægð með þróunina á Iðn- og starfsnámsdeginum sem er einstakur í framhaldsskólum á Íslandi. Við höfum hug á því að efla hann og þróa enn frekar.

Við veltum fyrir okkur stöðu nemenda með námsörðugleika í símatsáföngum því þegar um áfanga með lokaprófi er að ræða er réttur þeirra skýr en í símatsáföngum ekki. Skólinn þarf að móta vinnureglur í þeim tilvikum til að allir þessir nemendur fái sömu þjónustu í einstökum áföngum. Við bundum miklar vonir við að samstarf við Skólaskrifstofu Suðurlands hefði jákvæð áhrif á þennan málaflokk. Þegar þetta er ritað er ljóst að það verður ekki af því samstarfi. Skólinn þarf að bregðast við nýrri reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. Við leggjum áherslu á að hún verði kynnt fyrir starfsfólki ásamt því að unnið verði að því hvernig hún verður útfærð fyrir þennan skóla.

Með móttökuáætlun fyrir nýnema með annað móðurmál en íslensku komum við náms- og starfsráðgjafar meira beint að málefnum þessa nemendahóps en áður hefur verið. Þessi málaflokkur hefur setið á hakanum í FSu. Náms- og starfsráðgjafar telja mikilvægt að unnið sé enn betur að útfærslu á námi og réttindum þessa nemendahóps. Betur má ef duga skal.

Í byrjun skólaárs tóku stjórnendur þá ákvörðun að hætta að greiða fyrir sálfræðiviðtöl nemenda og veltum við fyrir okkur hvaða úrræði er hægt að bjóða upp á, því ljóst er að þörfin fyrir þessa þjónustu er mikil.

Á síðastliðnu skólaári varð vart við fleiri tilfelli þar sem nemendur voru ekki rétt staðsettir við upphaf framhaldsskólagöngu eða jafnvel komandi úr öðrum skólum. Er það mikið umhugsunarefni því röng staðsetning hefur í flestum tilfellum áhrif til hins verra á skólagöngu viðkomandi og veldur jafnvel brotthvarfi frá námi. Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar

en ljóst er að það þyrfti að bæta samskipti milli framhaldsskóla, grunnskóla og foreldra í þessum málum.

Við erum mjög ánægð með starfsaðstöðuna og staðsetningu á þriðju hæð skólans. Hinsvegar með auknu starfshlutfalli er nauðsynlegt að fara að huga að þriðju skrifstofunni svo kraftar okkar nýtist sem best.

Á næsta skólaári stefnum við að því að auka upplýsingaflæði og það er ekki spurning hvort heldur hvenær við byrjum að nýta okkur helstu samskiptamiðla í náms- og starfsráðgjöf við þennan skóla.

Að lokum viljum við þakka stjórnendum og samstarfsfólki gott samstarf.